Mannfólk og fiskar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það má til sanns vegar færa að sumum liggur á í listinni og hafa tilfinningu fyrir markaðssetningu listar sinnar. Það höfðu popplistamennirnir öðrum betur með Andy Warhol í fararbroddi og það höfðu einnig frumkvöðlarnir í nýja málverkinu svo og ýmsir sporgöngumenn þeirra og einn af þeim verður að telja **Þorlák Kristinsson,** er hefur tekið sér listamannsnafnið Tolli.

Öll ber sýning Tolla í vestari sal Kjarvalsstaða það með sér að hér sé á ferð maður sem veit hvert hann er að fara og ekki þurfa listrýnar blaðanna að kvarta undan því að þeir hafi of lítið á milli handanna á sýningum hans.

Tolli kynnir sig og list sína með veglegum sýningarskrám, þar sem listsagnfræðingar og rithöfundar skrifa um listamanninn, kryfja list hans og tengja goðsögum eða segja frá kviku mannlífsins.

Að sjálfsögðu er það rétta stefnan, a.m.k. að vissu marki, enda í anda tímanna og áhættu að eiga myndlistarmenn að þora að taka — verða satt að segja að gera það ef þeir eiga að lifa af í samkeppni nútímans.

Sagan segir okkur að það eru iðulega ágætir myndlistarmenn sem fara þannig að og hvorki bætir þetta né grómar list viðkomandi og sama er að segja með þá sem láta sér nægja að hengja einungis upp myndir sínar, setjast



Þorlákur Kristinsson listmálari.

svo niður og bíða svo í stóiskri ró og af stakri þolinmæði eftir sýningargestum, slíkir verða ei heldur betri né verri fyrir vikið.

Tolli er hressilegur málari sem fer geyst í listsköpun sinni, virðist mála myndir sínar eina af annarri líkt og á færibandi. Þær eru innbyrðis ákaflega keimlíkar í lit og útfærslu og efnisföngin eru ákaflega svipuð — líkast stefi í ymsum tilbrigðum.

Slík vinnubrögð einkenna og marga nýbylgjumálarana ásamt óheftri málaragleði og sjálfur segir hann „að þetta sé ekki vitsmunalegt ferðalag heldur eins konar leikur sem hann tekur hann heljartökum um leið og hann vinnur úr þeim áhrifum sem safnast hafa innra með honum".

Þannig má segja að Tolli sé samkvæmur sjálfum sér og sé ekki með nein merkilegheit né tvíræðar yfirlýsingar — kemur sem sagt til dyranna eins og hann er klæddur og það er mikill ávinningur hverjum listamanni. Og eins og fulltrúar nýja málverksins þá leitar hann hiklaust í smiðju sér eldri málara og þannig minna vinnubrögðin í sjálfu sér, svo og liturinn, ekki svo lítið á Veturliða Gunnarsson, eins og hann var er hann kom fyrst fram, en aðföngin á Svein Björnsson. Skyldleikinn við þessa tvo málara er auðsær svo og einu og öðru úr myndheimi nýbylgjumálaranna en hins vegar verður því alls ekki neitað að við þetta bætir Tolli heilmiklu af sjálfum sér og það er fyrir mestu.

Það voru einkum þrjár myndir er höfðuðu sérstaklega til mín á sýningunni fyrir myndræna útgeislan og tjákraft og ber fyrst að nefna hina ábúðarmiklu mynd á vinstri endavegg „Fjalladrottningin" (33), því næst hina listilega útfærðu mynd „Spádómur" (39), sem sker sig úr á sýningunni og það gerir og einnig hin formsterka mynd „Hvalstöðin" (40). Þessar þrjár myndir eru eitthvað svo óþvingaðar, hreinar og beinar í útfærslu, en það eru ekki ýmsar aðrar þar sem formin eins og rífa hvert í annað og byltast um í óskipulögðum og krampakenndum leik um myndflötinn.

Í stuttu máli þá kemst Tolli vel frá þessari sýningu að því leyti að hún er allt í senn lífleg, umbúðalaus og heildarsvipurinn skilvirkur.

Tónagjöf

Bækur

Egill Friðleifsson

Skömmu fyirr jól sendi Fjölvaútgáfan frá sér bókina „Tónagjöf", sem er myndskreytt handbók um fremstu tónskáld og tónverk heimsins. Fjölvaútgáfan er þarna í samvinnu við Salamander-útgáfuna í London, en ristjórar og höfundar eru þau Marita Westberg og Þorsteinn Thorarensen ásamt ráðunautinum Peter Gammond.

Sá háttur er hafður í þessari bók að tónskáldum er raðað í starfrófsröð en ekki í tímaröð og er það í sjálfu sér allt í lagi. Hafi ég talið rétt koma þarna við sögu 124 tónsmiðir og spannar saga þeirra yfir um fimm aldir.

En hver eru mestu tónskáld heimsins? Það er auðséð að bókin er samin af Englendingi (eða Englendingum) og e.t.v. fyrst og fremst fyrir Englendinga. Að sönnu eru þarna allir stórmeistararnir í röðum tónskálda til kvaddir, en þegar kemur að minni spámönnum orkar valið tvímælis. Þarna eru týnd til ýmis ensk tónskáld, sem lítil áhrif hafa haft utan síns heimalands, en önnur sem þó hafa ödlast alþjóðlega frægð og viðurkenningu, er að engu getið. Þannig er ekki minnst á menn eins og t.d. Katsjatúrían en hins vegar gerð ágæt grein fyrir einhverjum Lennox Berkeley, enda fæddist hann í Englandi en ekki í Rússlandi. Þetta rýrir gildi bókarinnar. Það segir sig sjálft að þegar fjallað er um svo marga höfunda á aðeins 240 síðum, þar sem myndir taka drjúgan hluta, er ekki hægt að fjalla ítarlega um hvern og einn. Þó eru frásagnir með ævisöguívafi og helstu tónverka getið. En einmitt vegna þess hve textinn er knappur er ástæða til að vanda vel til verka. Það finnst mér höfundi bregðast bogalistin. Í örfáum setningum er brugðið upp mynd af viðkomandi, skapgerð hans og lífsstíl eða lífshlaupi lýst, og þar fá menn ákaflega misjafna einkunn. Þannig er Arnold Bax (Englendingur) sagður hafa verið skarpur hugsuður, skemmtinn í viðræðum og frábær pianóleikari. Wagner var hins vegar „siðskertur", lostafullur, vanþakklátur og óheiðarlegur.

Enska tónskáldið Michael Tippet er ákaflega viðkvæmur fyrir félagsvandamálum, andlegu gildi og manneskjulegum hugsjónum. Hann er gagnrýninn og róttækur og oft kallaður „samviska" enskra tónskálda. Rachmaninov er hins vegar lýst sem hrokagikki og tónlist hans er rjómasæt og væmin. Oft er einkennilega til orða tekið í bókinni. T.d. er sagt að á síðari hluta ævi sinnar hafi Scriabin tekið upp „vanskapaðan", margflókinn og framandlegan stíl. Og þegar talið berst að verkum Bruckners koma fyrir orð eins og draumsæjumóða og hugleiðslusamruni. Þýðingin kemur oft ankannalega fyrir. Í stað orðsins kammermúsík er stundum notað orðið stofulög, sem er beinlínis villandi, og sumstaðar er verið að óþörfu að þýða erlend staðarheiti. Þannig er sagt frá því að Thomas Augustine Arne hafi hlotið doktorsnafnbót í Öxnafurðu (Oxford). Kannski á þetta bara að vera fyndið?

Þrátt fyrir þessa ágalla bókarinnar hafði ég á ýmsan hátt gaman af að glugga í hana, en vil benda lesendum á að taka skoðunum og fullyrðingum höfundar, sem stundum eru dálítið hæpnar, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, með hæfilegum fyrirvara.

21150-21370 LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI · EINAR ÞORISSON LONG, SÖLUMAÐUR · KRISTINN SIGURJÓNSSON, HRL. LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Til sölu er að koma meðal annarra eigna:

Glæsilegt einbýlishús við Látraströnd

Steinhús ein hæð um 185 fm. Nýr sólskáli um 15 fm og góður bílsk. um 25 fm. Eignarlóð 850 fm. **Útsýni.** Teikningar og nánari uppl. á skrifst.

Glæsileg eign næstum fullgerð

Nýtt raðh. á vinsælum stað á Ártúnsholti á tveim hæðum um 160 fm. 3–4 svefnherb. Góður bílsk. **Góð langtímalán.**

Endaíbúð – sérþvottahús

4ra herb. á 3. hæð 109,5 fm nettó **á vinsælum stað** í Seljahverfi. Sólsvalir. **Ágæt** sameign. **Stæði** í bílhýsi. Mikið **útsýni.**

Í smíðum – sérþvottah. – bílskúr

Eigum óselda eina 4ra herb. íbúð mjög rúmgóða við Sporhamra nú fullb. undir tréverk. **Sameign** verður fullgerð. **Frábær** greiðslukjör. Kynnið ykkur teikn. og nánari uppl.

Hentar smið eða lagtækum

Efri hæð 5 herb. í reisulegu þríbhúsi á **útsýnisstað** við Digranesveg, Kóp. Allt sér. Bílskréttur. Þarfnast nokkurra endurbóta. Laus 1. mars nk.

Einbýlishús – raðhús eða sérhæð

óskast miðsvæðis í borginni. Æskileg stærð 150–220 fm. **Miklar og góðar greiðslur.**

3ja herb. og 4ra–5 herb. góðar íbúðir í vesturborginni.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

GIMLI Þorsgata 26 2 hæð Sími 25099

VANTAR EINBÝLISHÚS
Höfum fjölmarga kaupendur að góðum einbýlishúsum á Reykjavíkursvæðinu. Við mætum á staðinn og verðmetum samdægurs.

☎ 25099

Einbýli og raðhús

HVERAFOLD
Fallegt einbhús á einni hæð ca 150 fm ásamt 34 fm bílsk. Fallegur frág. garður. 4 góð svefnherb. Skemmtil. skipul. Góð nýting. Áhv. hagst. lán. Skipti mögul. á 4ra herb. íb. í Hraunbæ.

GRAFARVOGUR – PARH.
Glæsil. fullb. timburparh. hæð og ris ásamt sökklum af ca 28 fm bílsk. Fullb. vönduð eign. Áhv. 2,2 millj. við veðd.

ÁSLAND – MOS. PARHÚS + BÍLSK.
Falleg ca 110 fm parh. á einni hæðásamt 25 fm bílsk. Glæsil. eldh. Parket. Ákv. sala. Hagkv. lán.

KÓPAVOGUR
Ca 195 fm parh. á tveimur hæðum með innb. bílsk. Fallegt útsýni. Arinn. Skipti mögul. á ódýrari eign. **Verð 10,5–10,8 m.**

HVASSALEITI
Fallegt 256,6 fm nettó raðhús með innb. bílsk. Stórar stofur, 6 svefnherb., nýl. parket. Ágætur garður. Ákv. sala. **Verð 13,8 millj.**

Í smíðum

GRAFAR VOGUR – PARH. AFH. STRAX
Glæsil. 180 fm parh. á tveimur hæðum. Innb. bílsk. Húsin afh. fullb. að utan fokh. að innan. Afh. strax. Teikn. á skrifst.

VEGHÚS – 2JA – HAGSTÆTT VERÐ
Glæsil. ca 71 fm íbúðir á 1. hæð sem afh. tilb. u. trév. **Verð 4,8 millj.**

SALTHAMRAR – EINB. HÚS Á EINNI HÆÐ



Glæsil. 188 fm einbhús á einni hæð með góðum innb. bílsk. Skilast fullfrág. að utan og tilb. u. trév. að innan. Garðstofa. Teikn. á skrifst. **Verð 9,5 m.**

VEGHÚS – 4RA–5 – NÝTT HÚSNLÁN
Vorum að fá í endursölu ca 113,5 fm nettó 4ra–5 herb. íb. á tveimur hæðum í nýju glæsil. fjölbhúsi. Íb. verður afh. tilb. u. trév. að innan í mars með frág. sameign. Áhv. nýtt lán við hús„stj. ca 4,2 millj. Teikn. á skrifst. **Verð 6980 þús.**

5–7 herb. íbúðir

ÁLFHÓLSVEGUR
Falleg 5 herb. hæð í þríbhúsi. Sérþvottah. Sökklar að bílsk. Húsið allt nýmálað að utan. **Verð 7,8 millj.**

LAUGARNESVEGUR
Ca 126 fm neðri sérh. í þríb. Mjög ákv. sala. **Verð 7 millj.**

VANTAR SÉRHÆÐIR
Höfum fjársterka kaupendur að *góðum sérhæðum. Mikil eftirspurn.*

4ra herb. íbúðir

INN VIÐ SUND
Falleg 101,8 fm nettó 4ra herb. íb. á 3. hæð. Endaíb. Sérþvottah. Rúmg. stofur, 2 svefnherb.

ENGIHJALLI
Falleg rúmg. 4ra–5 herb. íb. á 3. hæð í lyftuh. Áhv. 1,5–2 millj. langtl. **Verð 6,1 m.**

EYJABAKKI – ÚTSÝNI
Glæsil. 4ra herb. íb. á 3. hæð. Suðursv. Lítið áhv. **Verð 6 millj.**

ENGJASEL
Falleg 4ra herb. íb. á tveimur hæðum ásamt stæði bílskýli. Nýtt parket. Suðursv. Verð 5,950 millj.

KRUMMAHÓLAR
Falleg 4ra herb. endaíb. á 6. hæð. Suðursv. Verð 5,4 millj.

FURUGRUND
Falleg 4ra herb. íb. á 1. hæð. 3 svefnherb. Parket. Suðursv. Bílskýli.Verð 6,5 m.

AUSTURBERG – BÍLSK.
Falleg 4ra herb. endaíb. á 3. hæð ásamt ca 20 fm fullfrág. bílsk. 3 góð svefnherb. Suðursv. **Verð 6,2–6,3 millj.**

ENGJASEL – GLÆSIL. ÚTSÝNI
Falleg 102,4 fm nettó endaíb. á 3. hæð ásamt stæði í góðu bílskýli. Suðursv. 3 svefnherb. Sérþvhús. Glæsil. útsýni. **Verð 6,4–6,5 millj.**

KAPLASKJÓLSVEGUR
Glæsil. 4ra-5 herb. íb. á 3. hæð. Beykiparket. Gufubað. Áhv. hagst. lán.

HRAUNBÆR
Falleg 112,5 fm nettó íb. á 2. hæð. Sérþvottah. Stór stofa. Óvenju rúmg. og vel skipulögð eign. Ákv. sala.

SUNDLAUGAVEGUR
Mjög falleg 4ra herb. risíb. lítið undir súð *í góðu steinh.* **Verð 5,5 millj.**

3ja herb. íbúðir

VESTURGATA – 3JA
Góð 3ja herb. íb. á 1. hæð með sérinng. Nýl. ofnalagnir o.fl. **Verð 4,5 millj.**

HRÍSMÓAR
Stórglæsil. 3ja herb. fullb. íb. ca 97 fm í vönduðu lyftuh. Tvennar svalir. Glæsil. útsýni. Áhv. 2,6 millj. **Verð 6,9 millj.**

MIÐSTRÆTI – BÍLSK.
99,4 fm íb. á 2. hæð í steinh. ásamt 28 þús. hagst. lán. **Verð 5,2–5,3 millj.**

KLEPPSVEGUR
Góð 3ja herb. íb. á 1. hæð í góðu lyftuh. Laus fljótl. Lítið áhv. **Verð 5 millj.**

NJÁLSGATA
Falleg mikið endurn. 3ja herb. risíb. Sérinng. **Verð 4,4 millj.**

MARÍUBAKKI
Falleg 3ja herb. íb. á 1. hæð. Rúmg. þvottah. og búr. Sameign öll endurn. **Verð 5,2 millj.**

BRÆÐRABORGARST.
Falleg 3ja herb. 91,5 fm íb. í lyftuhúsi. Fallegt útsýni. Nýl. standsett íb. Mjög ákv. sala. Lítið áhv. **Verð 5,9 millj.**

VANTAR 3JA HERB. M/ NÝJUM HÚSNL. – STAÐGR. Í BOÐI

HRAUNBÆR
Rúmg. 3ja herb. íb. á 3. hæð ásamt 12 fm aukaherb. í kj. Útsýni. **Verð 5,2–5,4 millj.**

NJÁLSGATA – ÓDÝR
Ca 85 fm nettó íb. á jarðh. í steinh. Ákv. sala. **Verð 4 millj.**

2ja herb. íbúðir

KÁRASTÍGUR
Glæsil. 2ja herb. íb. í kj. í fallegu virðulegu timburh. Eignin er öll ný standsett. Eign í sérflokki. **Verð 3,9 millj.**

BRÆÐRABORGARSTÍGUR
Mjög falleg 2ja herb. íb. á 3. hæð.

VINDÁS – BÍLSK.
Falleg 2ja herb. íb. á 2. hæð. Suðursv. Bílskýli. Áhv. 1600 þús. veðd. Mjög ákv. sala. **Verð 4,5–4,6 millj.**

VALLARÁS
Glæsil. 2ja herb. íb. á 2. hæð. Áhv. ca 1950 þús. veðd. **Verð 4,5 millj.**

HÁALEITISBRAUT
Gullfalleg 2ja herb. endaíb. á 4. hæð. Parket. Gott gler. **Verð 4,5 millj.**

GRETTISGATA – RIS – HAGST. LÁN
Falleg nýstandsett 2ja herb. íb. 58,3 fm nettó. Nýjar rafmagns og ofnalagnir. Áhv. 1600 þús. hagst. lán. **Verð 3,7 millj.**

ENGIHJALLI
Falleg rúmg. 2ja herb. íb. á 1. hæð. Góðar innr. Hagst. lán. Áhv. 2,2 millj.

ÞVERBREKKA
Falleg 63 fm nettó íb. á 1. hæð með sérinng. í 2ja hæða fjölbhúsi. Suðurgarður.

STANGARHOLT
Glæsil. 2ja herb. íb. á 3. hæð í nýju fjölbhúsi. Áhv. 1800 þús.v/veðdeild. **Verð 4950 þús.**

AUSTURBERG
Falleg 2ja herb. íb. á 4. hæð. Glæsil. útsýni. **Verð 4,150 millj.**

BRAGAGATA
Falleg 2ja herb. íb. á 3. hæð í steyptu þríbhúsi. Lítið áhv. **Verð 3 millj.**

SPÓAHÓLAR
Falleg, rúmg. 2ja herb. íb. á 1. hæð m/suðurgarði. Parket. **Verð 4350 þús.**

ÓÐINSGATA
Góð 50 fm íb. *2ja herb. á 1. hæð.* Góður garður. Ákv. sala. **Verð 3,1 millj.**

Árni Stefánsson, viðskiptafr.



Morgunblaðið

Metsölublað á hverjum degi!

85.38